

Fundargerð 49. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Innri stofa í Norðurhúsi Veitna.

Tími: 1. Apríl 2019 kl. 11-12:30

Viðstaddir: Arndís Ósk Ólafsdóttir (AÓÓ), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ) og Þorsteinn Narfason (ÞN).

Forföll: Baldur Dýrfjörð (BD).

Dagskrá:

- Fundargerð 48. stjórnarfundar
- Skipulagning aðalfundar
- Áhugaverð verkefni á sviði vatns- og fráveitumála
- Önnur mál

1. Fundargerð 48. stjórnarfundar

Fundargerð var samþykkt með breytingum.

2. Skipulagning aðalfundar

Ákveðið var að halda aðalfund eftir páska, í byrjun maí 2019. Ákveðið var að leita til Mannvits verkfræðistofu varðandi að hýsa fundinn. Fjórir stjórnarmeðlimir sitja áfram seinna kjörtímabil sitt. Arndís Ósk Ólafsdóttir lýkur 4 ára stjórnarsetu og gefur ekki kost á sér aftur. Er henni þakkað fyrir góð störf í þágu félagsins. Ákveðið var að auglýsa eftir framboðum í stjórn VAFRÍ með æskilega þekkingu á vatnsveitum, því mikilvægt væri að hafa sterka faglega þekkingu á bæði vatns- og fráveitumálum innan stjórnar. Í kjölfar aðalfundar verður skipulögð málstofa með þeim áttum hnattrænar loftslagsbreytingar, í anda sjónvarpsþáttarinnar „*hvað höfum við gert*“. Leitað verður til þriggja mismunandi aðila varðandi áhrif á vatnsveitur, fráveitur, og hvernig sjálfbærni er lausnin að vandanum.

3. Áhugaverð verkefni á sviði vatns- og fráveitumála

Rædd voru ýmis verkefni sem áhugavert væri að fjalla um á vettvangi félagsins á næsta ári. Sem dæmi má nefna rannsóknir og nýja tækni á vatnsverndarsvæðum í Heiðmörk, skipulag veitukerfa í tengslum við þéttingu byggðar og ný fordæmisgefandi dómsmál.

4. Önnur mál

HÓA greindi frá framvindu rannsókna á sviði blágrænna ofanvatnslausna í köldu loftslagi sem hlaut styrk frá Rannís 2018. Sem hluti af verkefninu, er meistaraniemi að greina fyrirbyggjandi snjógögn í Reykjavík.

Fundi var slitið kl. 12:30.

Fundarritari: Arndís Ósk Ólafsdóttir og Hrund Ó. Andradóttir, hrund@hi.is